

Rangárþing eystra  
Anton Kári Halldórsson  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

11. desember 2017  
UST201711-043/R.K.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag - Mið-Dalur, Rangárþing eystra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra sem barst 6. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi lóða í landi Mið-Dals í Rangárþingi eystra.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki á svæði á náttúruminjaskrá eða á svæði er fellur undir sérstaka vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í jöðrum óstaðfesta lóðamarka Mið-Dals, vestast við Þórsmerkurveg, milli afleggjara, utan ræktaðs túns (sjá reit B1202192 í deiliskipulagi) er skráð mikið af língresis- og vingulvist sem hafa hátt verndargildi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (2016), sem og starungsmýravist sem einnig hefur mjög hátt verndargildi. Auk þess má finna á landinu runnamýrvist á láglandi (mjög hátt verndargildi), snarrótarvist og grasmóavist (bæði með hátt verndargildi). Framkvæmdasvæðið er í heild sinni skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði á Suðurlandsundirlendi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir verði tekið tillit til varptíma fugla og einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að halda öllu raski í lágmarki við framkvæmdir.


Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun hefur metið deiliskipulagstillögu Mið-Dals og gerir ekki frekari athugasemdir við tillöguna.



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín Salome Jónsdóttir  
Sérfræðingur